



Atvinnustefna

Áformaskjal um fyrirhugaða stefnu - ágúst 2025

| Stjórnarráð Íslands





Áformaskjal - Efnisyfirlit

1. Yfirlit
2. Skipulag stefnumótunar
3. Drög að inngangi atvinnustefnu
4. Almennar spurningar til hagaðila



1) Yfirlit



Áform um atvinnustefnu

Vinnuheiti stefnu	Atvinnustefna Íslands: Vaxtarplan til 2035
Til umsagnar	11.8.2025-26.8.2025
Ábyrgt ráðuneyti	Forsætisráðuneyti
Ábyrgðaraðili samráðs	Sveinbjörn Finnsson, aðstoðarmaður ríkisstjórnar
Samstarf innan Stjórnarráðsins	Ráðuneytisstjórahópur allra ráðuneyta hefur yfirsýn yfir verkefnið. Ráðherranefnd um efnahagsmál ber ábyrgð á samræmingu mála vegna atvinnustefnu.



2) Skipulag stefnumótunar



Lýsing verkefnis

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, frá 21. desember 2024, kemur fram að markmiðum sínum muni ríkisstjórnin m.a. ná með mótnu atvinnustefnu sem stuðli að sjálfbærum vexti atvinnugreina, aukinni framleiðni og heilbrigðum vinnumarkaði.

Tilgangur vinnu að atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar er að móta stefnu, ásamt markmiðum og mælikvörðum, sem lýsir því hvernig stjórvöld vilja vinna með atvinnulífinu og svarar því hvaðan hagvöxtur næstu ára skuli koma. Skilgreindar verða aðgerðir sem ríkistjórnin telur að ráðast þurfi í til að vinna að markmiðum stefnunnar.




Skipulag verkefnis

Stefnumótunin er leidd af forsætisráðuneytinu og stýrt af aðstoðarmanni ríkisstjórnar. Ráðherranefnd um efnahagsmál fer með það hlutverk að samræma atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Ráðuneytisstjórahópur allra ráðuneyta hefur skv. ákvörðun ríkisstjórnar yfirsýn yfir verkefnið.

Samráðsgátt stjórnvalda er nýtt til að eiga samráð um áform og drög að stefnu. Fundað verður með helstu hagaðilum á meðan á stefnumótun stendur.

Forsætisráðherra skipar óháð atvinnustefnuráð sem veitir ráðherra, ráðherranefnd um efnahagsmál og ríkisstjórn ráðgjöf um mótn og framkvæmd stefnunnar.



Tímalína og samráð

Núverandi tímaáætlun stefnumótunarvinnu er eftirfarandi og getur tekið breytingum.

2025

- Ágúst: Áform um atvinnustefnu birt í samráðsgátt stjórnvalda
- September: Forsætisráðuneytið heldur opinn viðburð um áherslur atvinnustefnunnar
- September: Forsætisráðherra skipar ráðgefandi atvinnustefnuráð
- Október: Drög atvinnustefnu birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda
- Fjórði ársfjórðungur: Unnið úr umsögnum og fundað með lykilhagaðilum

2026

- Fyrsti ársfjórðungur: Atvinnustefna samþykkt í ríkisstjórn og gefin út



3) Drög að inngangi atvinnustefnu



Atvinnustefna Íslands Vaxtarplan til 2035

Drög að inngangi



Atvinnustefna Íslands: Vaxtarplan til 2035

Drög að inngangi

Atvinnustefna Íslands er 10 ára vaxtarplan sem lýsir því hvernig stjórnvöld vinna með atvinnulífinu að aukinni verðmætasköpun. Meginmarkmið stefnunnar er að fjölga vel launuðum störfum um land allt og styðja við hagvöxt í jafnvægi við samfélag, umhverfi og innviði.

Með markvissri atvinnustefnu mun ríkisstjórnin samhæfa aðgerðir stjórnvalda til stuðnings atvinnulífi og veita fyrirsjáanleika til fjárfestinga. Stefnan skapar skýran ramma um vöxt og verðmætasköpun í landinu til lengri tíma sem verða drifin af auknum útflutningi.





Atvinnustefna Íslands: Vaxtarplan til 2035

Drög að inngangi



Atvinnustefnan byggir á styrkleikum Íslands. Auðlindagreinar og hugverkaiðnaður verða áfram í lykilhlutverki og stjórnvöld munu styðja sérstaklega við vaxtarþækifæri útflutningsgreina þar sem framleiðni vinnuafsl er mikil. Til að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja verður ráðist í samstilltar aðgerðir til að efla innviði, einfalda regluverk og auka skilvirkni í opinberri stjórnsýslu.

Áfram verður lögð áhersla á hvata til nýsköpunar og árangur í loftslagsmálum í atvinnulífinu. Aðgengi að hagkvæmri og endurnýjanlegri orku verður aukið til að styðja við hagvöxt og orkuskipti. Þá munu stjórnvöld verja aðgengi að erlendum mörkuðum með virkri hagsmunagæslu á alþjóðlegum vettvangi.



Atvinnustefna Íslands: Vaxtarplan til 2035

Drög að inngangi

Til að treysta byggð og leysa úr læðingi krafta hvers einasta landshluta mun ríkisstjórnin vinna skipulega að þróun nýrra kjölfestuverkefna á landsbyggðinni. Þannig munu stjórnvöld beita sér með virkum hætti til að stuðla að blómlegri atvinnuþróun um land allt.

Við framkvæmd atvinnustefnunnar og aðgerða hennar mun ríkisstjórnin vinna þvert á ráðuneyti undir forystu forsætisráðuneytis. Skipað verður óháð atvinnustefnuráð sem verður ríkisstjórn til ráðgjafar um mótun og framkvæmd stefnunnar.



4) Almennar spurningar til hagaðila



Almennar spurningar til hagaðila

Til viðbótar við endurgjöf um áform ríkisstjórnarinnar er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár?
2. Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafls næstu tíu ár?
3. Hvaða útflutningsgreinar, þar sem framleiðni vinnuafls er mikil og loftslagsáhrif eru takmörkuð, geta vaxið mest á næstu tíu árum og náð árlegum útflutningi sem nemur tugum milljarða króna?

Svörum og endurgjöf má skila í gegnum samráðsgátt eða senda á for@for.is